

# Kynningarbréf vegna rannsóknar

**Áhrif langtímadeyfingar í aðfærsluvöðvagöng læris (Adductor Canal block) á verki og hreyfigetu sjúklinga eftir gerviliðsaðgerð í hné**

Ágæti viðtakandi:

Með þessu bréfi er ætlunin kynna fyrir þér rannsókn sem fara mun fram á Sjúkrahúsinu á Akureyri veturinn 2015-2016 á ákveðinni tegund deyfingar við gerviliðsaðgerðir á hné.

Þetta er deyfing í aðfærsluvöðvagöng læris (**Adductor Canal Block**) sem kölluð er ACB-deyfing.

Svava Guðmundsdóttir deildarlæknir við bæklunarskurðeildina við Sjúkrahúsið á Akureyri hefur yfirumsjón með framkvæmd rannsóknarinnar.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort ACB-deyfing bæti líðan sjúklinga eftir gerviliðsaðgerð á hné með því að minnka verki og ógleði án þess að koma niður á hreyfifærni sjúklinga.

## Grunnupplýsingar varðandi rannsóknina:

**Heiti rannsóknarinnar:** Áhrif langtímadeyfingar í aðfærsluvöðvagöng læris (Adductor Canal block) á verki og hreyfigetu sjúklinga eftir gerviliðsaðgerð í hné

## Aðalrannsakandi og ábyrgðarmaður:

**Svava Guðmundsdóttir deildarlæknir**  
Bæklunarskurðeild SAK  
s: 463-0100

## Meðrannsakandi og leiðbeinandi:

**Jónas Logi Franklín bæklunarlæknir**  
Forstöðulæknir bæklunarskurðeildar SAK  
s: 463-0100

Veturinn 2015 - 2016 verður framkvæmd vísindarannsókn við Sjúkrahúsið á Akureyri þar sem ACB deyfingu verður bætt við þá verkjastillingu sem nú þegar er gefin við gerviliðsaðgerðir á hné.

Til að eiga við verki í kjölfar gerviliðsaðgerðar á hné er venjan að notast við mænudeyfingu og staðbundna deyfingu ásamt verkjalyfjum. Þrátt fyrir það þá

upplifa sjúklingar alltaf einhverja verki og óþægindi í kjölfar aðgerðarinnar og þurfa nánast allir að taka verkjalyf áfram eftir að heim er komið. Vísindamenn og læknar um allan heim keppast við að finna nýjar og betri leiðir til að verkjastilla sjúklinga eftir slíkar aðgerðir án þess að sú meðferð komi niður á hreyfigetu þeirra eða valdi þeim þreytu.

ACB deyfingin er hvergi nærri ný af nálinni og hefur verið notuð sem verkjastilling við ýmsar aðgerðir með góðum árangri. Nýlega hafa augu lækna beinst að því að nota þessa deyfingu sem viðbót við verkjastillingu við gerviliðsaðgerðir á hné. Þessi deyfing hefur reynst vel í rannsóknum erlendis. Með þessu vonumst við til að geta verkjastíllt fólk enn betur en með þeim aðferðum sem við beitum nú þegar.

### **Í hverju er þátttaka fólgin?**

Til að meta ávinning af slíkri deyfingu munum við setja upp faglega vísindarannsókn og skipta þátttakendum í tvo hópa þar sem annar hópurinn fær þessa deyfingu en ekki hinn hópurinn. Allir fá þó að lágmarki þá verkjameðferð sem annars er notuð í dag. Við munum svo bera saman hópana með tilliti til verkja, verkjalyfjanotkunnar í legunni, ógleði og hreyfigetu. Hvorki þátttakandi né meðferðaraðilar munu vita hvort þátttakandi fær virka lyfið eða lyfleysu fyrr en að rannsókn lokinni.

Hafir þú áhuga á að taka þátt í þessari rannsókn munt þú lenda í öðrum hvorum hópnum tilviljanakennt. Á innritunarmiðstöð munt þú hitta deildarlækni á bæklunarskurðeildinni sem mun skoða þig og spyrja þig nokkurra spurninga varðandi verki, verkjalyfjanotkun og ógleði fyrir aðgerð. Þessi skoðun mun svo fara fram þrisvar sinnum í viðbót eftir aðgerðina. Þetta væri viðbót við hina venjubundnu skoðun sem fer fram á innritunarmiðstöð vegna gerviliðsaðgerða á hné.

Þegar þú kemur á skurðstofuna verður búið að leggja hjá þér mænudeyfingu. Þá verður þú orðin(n) dofin(n) og munt því ekki koma til með að finna fyrir því þegar þessi deyfing/lyfleysa verður lögð. Þetta er lítil stunga í mitt lærið og verður skilinn eftir leggur til að bæta á deyfinguna næstu 48 tímana. Allir þátttakendur koma til með að fá þennan legg hvort sem þeir fá lyfleysu eða deyfingu í hann.

### **Ávinningur - Áhætta**

ACB leggurinn er viðbót við þá meðferð sem þátttakendur í rannsókninni fá hvort sem þeir fá lyf eða lyfleysu í legginn.

Löng reynsla er af notkun leggja sem þessum við verkjastillingu. Tíðni fylgikvilla er mjög lág og eru helst óþægindi á stungustað og erting/sýking í kringum legg. Áður hafa verið notaðir deyfingarleggir við gerviliðsaðgerðir á hné sem reyndust góð verkjastilling en vegna áhrifa þeirra á vöðvastyrk var notkun þeirra hætt. ACB-deyfingin hefur lítil sem engin áhrif á vöðvastyrk þar sem hún er lögð á annan stað en þær deyfingar sem áður voru notaðar. Meðan á rannsókninni stendur

munum við fylgjast með hvort þátttakendur fá einhver óæskileg viðbrögð við deyfingunni.

Ávinningur af rannsókninni er fyrst og fremst að kortleggja betur hvort við fáum betri verkjastillingu og hreyfigetu eftir gerviliðsaðgerð á hné miðað við fyrri meðferð. Ávinningur fyrir þátttakendur sem fá lyfið er því mögulega betri og hraðari verkjastilling í kjölfar aðgerðarinnar og vonandi betri hreyfigeta. Óbeinn ávinningur fyrir alla þátttakendur yrði fólgin í því að hjálpa til við að þróa sem besta verkjameðferð eftir gerviliðsaðgerð á hné sem gæti komið öllum þeim til góða sem seinna meir eiga eftir að fá gervilið í hné.

Allar upplýsingar sem þátttakendur veita í rannsókninni verða meðhöndlaðar sem trúnaðarupplýsingar. Þátttakendum er frjálst að hafna þátttöku eða hætta þátttöku á hvaða stigi sem er, án útskýringa og án áhrifa á þjónustu á meðan á meðferð eða dvöl á sjúkrahúsinu stendur.

Öllum þátttakendum verður úthlutað rannsóknarnúmeri. Notast verður við þetta rannsóknarnúmer við alla skráningu á upplýsingum og því verða engar upplýsingar rekjanlegar aftur til þátttakanda eftir útskrift af sjúkrahúsinu.